

# Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2021

Greinargerð

DRÖG

## FORSENDUR

### LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2021 er lögð fram og unnin skv. fyrir mælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal bæjarráð leggja fyrir bærstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bærstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögnum leggja fyrir bærstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með samþykkt viðauka í bærstjórn. Á það við um allar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða.


**Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bærstjórnar í þeim efnum.**

### FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur. Ekki þarf mikið til að áætlanir raskist gangi forsendur ekki eftir. Undanfarin ár hafa forsendur við gerð tekjuáætlunar bæjarins þó gengið nokkuð vel eftir enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna. Á árinu 2021 má þó reikna með að það verði viðsnúningur í þessu þar sem tekjuforsendur gerbreyttust vegna „innrásar“ Covid-19 á landsmenn. Vegna sóttvarnaraðgerða hefur svo snardregið úr umsvifum í samfélaginu og þar með þeim tekjustraumum sem standa að baki útsvarstekjum sveitarfélaga. Á myndinni til hliðar má t.a.m. sjá hver áætlun útsvars þriggja síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs. Útsvar fyrir árið 2021 verður óbreytt eða 14,48%.

Gert er ráð fyrir því við gerð áætlunarinnar að íbúum í bænum muni fjölga um 1% á næsta ári og verði í árslok 2021 38.664 talsins, en það er varleg áætlun miðað við fjölgunina undanfarin ár.

Margir kjarasamningar starfsmanna bæjarins voru lausir um síðastliðin áramót en á árinu 2020 hefur verið gengið frá a.m.k. allflestum kjarasamningum sem bærinn á aðild að. Misjafnt er til hve langs tíma þessir samningar gilda, en allir gilda þeir út árið 2021 og sumir til mars 2023. Almennt gildir, að hækkan launa hefur bæði áhrif á útgjöld bæjarins og tekjur, en útsvarstekjur hækka með hærri launatekjum. Útreikningar sem fjármáladeild bæjarins gerði fyrir nokkrum árum sýndu að ef launahækkanir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkanum, þá fjármagna hækkanir á almenna markaðinum hækkanir hjá starfsmönnum bæjarins. Ef



*Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlana útkomu í ársreikningi. Áætlanir hafa staðist nokkuð vel og forsendur hafa verið varfærnar. Upphæðir eru í milljónum króna.*

hins vegar það verður misvægi hér á, þá getur kostnaður auðveldlega farið úr böndunum og það virðist vera að gerast á núlíðandi ári og er viðbúið að haldi áfram a.m.k. út árið 2021.

Vegna þessa misgengis er í tekjuhluta fjárhagsáætlunarinnar því gert ráð fyrir að laun muni almennt hækka um 3,5% milli árana 2020 og 2021 en elti ekki launavísitölu, sem segir til um hvernig launataxtar eru að þróast.

Gert er ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi verði lægra á árinu 2021 en það er í ár og að atvinnuþátttaka og hlutfallslegur fjöldi starfandi íbúa muni styrkjast. Vegna fjölgunar í bænum muni vinnuafli aukast um ríflega 200 manns og starfandi um rúmlega 400 manns.

Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út 26. júní 2020 var áætlað að verðbólga ársins 2021 yrði um 2,4%. Yngri verðbólguþáttur benda þó til þess að verðbólga á árinu 2021 verði eilítið hærri en Hagstofuspáin frá því í sumar. Nýjasta spá sem birst hefur er þjóðhagsspá að vetri frá Hagstofu Íslands (1. október 2020) en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2021 verði 2,7%.

Í áætlun bæjarins fyrir 2021 er gert ráð fyrir 2,7% almennri hækkun á gjaldskrá og við útreikning á fjármagnsliðum er gert ráð fyrir að verðbólga verði 2,7%. Vöru- og þjónustukaupaliðir eru ekki hækkaðir sjálfkrafa um 2,7% heldur er tekið tillit til gildandi samninga og óhjákvæmilegra verðhækkana.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsenda er áætlað að útsvarstekjur ársins 2021 muni nema um 24,4 milljörðum króna, sem jafngildir um 5,8% hækkun frá útkomuspá fyrra árs en vænt útkoma ársins 2020 er um 23 milljarðar króna. Lækkun 2021 frá upphaflegri áætlun ársins 2020 er um 175 m.kr.


## FASTEIGNAGJÖLD

Á árinu 2020 voru álagningarhlutföll fasteignagjalda lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir lækkun á hlutfalli fasteignaskatts, bæði fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði. Lóðarleiga íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, vatnsskattur og sorphirðu- og holræsagjald helst óbreytt.


Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi tæplega 7,1 milljörðum króna þegar horft er framhjá verðbreytingum á sorpgjöldum og þá er reiknað með að hækkun fasteignagjalda á meðal íbúðareign í bænum verði á pari við áætlaðar verðbreytingar ársins, eða um 2,7%.

## FASTEIGNASKATTUR

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,215% í 0,212%, sem jafngildir 1,4% lækkun á skatthlutfallinu. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist um



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlaðrar útkomu ársins 2020 og fjárhagsáætlunar 2021. Áætlað er að útsvarstekjur aukist um 1.350 m.kr. milli ára. Upphæðir eru í milljónum króna.



Fasteignaskattur á íbúðahúsnæði var lækkaður á yfirstandandi ári og gerir áætlun ársins 2021 ráð fyrir áframhaldandi lækkun.

3,8% frá álagningu 2020 sem má að hluta rekja til hækkunar á fasteignamati en einnig magnaukningar, þ.e.a.s. áætlaðri fjölgun fasteigna í bæjarfélaginu og breytinga á byggingarstigi. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,49 í 1,47%.

### **VATNSSKATTUR**

Vatnsskattur helst óbreyttur á milli ára og verður 0,065% af fasteignamati. Aukavatnsgjald hækkar í samræmi við vísitölu fjárhagsáætlunar eða um 2,7%.

### **HOLRÆSAGJALD**

Holræsjald helst óbreytt á milli ára og verður 0,090% af fasteignamati.

### **SORPHIRÐUGJALD**

Vegna hækkana á gjaldskrá Sorpu mun sorphirðugjald hækka allnokkuð á milli ára eða úr 34.300 kr. í 41.300 kr. Sorphirðugjaldið er látið standa undir beinum kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu og er þannig beintengt við kostnað við þessa þjónustu.

### **LÓÐARLEIGA**

Lóðarleiga á einingu íbúðarhúsnæðis helst óbreytt á milli ára og verður 21,43 kr. Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis helst einnig óbreytt á milli ára og verður 180 kr.


### **JÖFNUNARSJÓÐUR**

Hluti af áætlun Jöfnunarsjóðs barst í lok október 2020 og eru þær færðar inn í fjárhagsáætlun. Önnur framlög eru skv. grófri áætlun.

### **AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISPEGA**


Tekjumörk vegna afsláttar fyrir elli- og örorkulífeyrispega hækka um 5% milli ára.

## LYKILTÖLUR




Á myndinni má sjá laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur. Þetta hlutfall hefur legið í kringum 50% en er áætlað að verði 57,9% árið 2021.

Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið um 50% undanfarin ár. Á næsta ári er áætlað að tæp 58% af rekstrartekjum bæjarins fari í laun og tengd gjöld starfsmanna, sem má rekja til mikilla launahækkana undanfarin misseri.



Hér má sjá þróun launakostnaðar frá árinu 2015. Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers ár.


Launakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Áætlað er að launakostnaður aukist um 1.376 m.kr. á milli ára sem er töluverð hækkun sem helst má rekja til mikilla launahækkana vegna kjarasamninga og aukinna umsvifa vegna stækkunar bæjarins.



Á myndinni má sjá annan rekstrarkostnað í hlutfalli við rekstrartekjur. Árið 2021 er gert ráð fyrir að 35,2% skatttekna fari í annan rekstrarkostnað málaflokka.


Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli við rekstrartekjur breytist nokkuð á milli ára, en um 35,2% af heildartekjum A-hluta bæjarsjóðs fara í vöru- og þjónustukaupaliði í rekstri málaflokka bæjarins. Sé samstæðan skoðuð þá fara 35,3% af tekjum til að greiða annan rekstrarkostnað.

Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa hafa farið lækkandi undanfarin ár en hækka nú frá fyrra ári í áætlun 2021. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs.




Skuldir án skuldbindinga hækka frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári og nemur skv. áætlun næsta árs 44 þús.kr.



Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Skatttekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 782 þús.kr. á íbúa á næsta ári.



Á myndinni má sjá skatttekjur í þúsundum króna á íbúa. Þessi upphæð hefur farið vaxandi og er áætlað að verði 782 þúsund krónur árið 2021.

## VELFERÐARSVIÐ

---

### LYKILTÖLUR Í REKSTRI/HELSTU BREYTINGAR

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

### RÁÐGJAFÁ- OG ÞJÓNUSTUDEILD

Talsverð aukning hefur verið í fjölda þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu frá fyrra ári. Meira en þriðjungur þeirra sem fá fjárhagsaðstoð hafa erlent ríkisfang, en hlutfall erlendra ríkisborgara í Kópavogi hefur hækkað úr 5,65% í 10,7% á undanförunum 10 árum. Um er að ræða flókin mál sem taka lengri tíma og þá er túlkaþjónusta veruleg.

Gert er ráð fyrir aukningu stöðugilda í ráðgjafa- og þjónustudeild til að takast á við breyttar fjárhagslegar aðstæður í samfélaginu, fjölgun í fjárhagsaðstoð og ekki síst fjölgun umsækjenda með erlent ríkisfang sem gerir alla vinnu flóknari og tímafrekari. Áætlaður kostnaður í áætlun ársins vegna viðbótarstöðugildis nemur 10,4 m. kr.

### BARNAVERND

Fjöldi tilkynninga fer hækkandi og hefur raunar tekið stórt stökk á líðandi ári. Þá hefur þungi mála jafnframt aukist. Bætt verður við 1,0 stöðugildi í barnavernd til að bregðast við auknu álagi í deildinni þar sem einkum verði reynt að bregðast við með snemmtækum stuðningi og samvinnu stofnana bæjarins. Með því skapist geta til að taka á málum bæði fljótt og með vönduðum hætti og koma þannig í veg fyrir langtímaáhrif. Kostnaður í áætlun vegna þessa nemur 11,4 m.kr.

## MENNTASVIÐ

---

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirliggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki almennt um 2,7%.

### HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁÆTLANA

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

## LEIKSKÓLAR

Í áætlun ársins er samþykkt breyting á gjaldskrá fyrir leikskóla um að afsláttur af dvalargjöldum leikskóla fyrir þriðja barn hækki úr 75% í 100%.

## UMHVERFISSVIÐ

---

### FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir tæpa 3,9 milljarð króna. Að neðan er að finna upptalningu á umfangsmestu framkvæmdunum sem eru fjármagnaðar úr eignasjóði (fyrir 100 m.kr. og hærra)

### SKÓLAR

Nýr Kársnesskóli við Skólagerði er í byggingu auk þess sem nýr leikskóli mun rísa samhliða. Verður 4,1 milljarði króna varið í það verkefni á næstu fjórum árum. Í áætlun 2021 verður 1 milljarði króna varið í byggingu skólans.

Þá verður 90 m.kr. varið stækkun Smáraskóla og breytingar á eldhúsi og stjórnunarálmum í núverandi húsnæði skólans.

### ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Á árinu 2021 verður 200 m.kr. varið í endurbætur í Kórnum svo hægt verði að nýta húsnæðið betur í tenglum við það skólastarf sem þar fer fram hjá Hörðuvallaskóla og bættu þjónustu við íbúa í efri byggðum (bókasafn/menningarmiðstöð).

### AÐRAR EIGNIR

Í áætlun ársins 2021 er gert ráð fyrir 250 m.kr. í kaup á félagslegu húsnæði en þessir fjármunir eru hugsaðir sem 12% framlag á móti 18% framlagi frá ríkinu. Þá verður 100 m.kr. varið í nýtt sambýli að Fossvogsbrún með sjö íbúðum auk þjónustu og 100 m.kr. verður varið í nýtt sambýli með sjö íbúðum auk þjónustu vegna samnings bæjarins við velferðarráðuneytið vegna Kópavogsbrautar 5a.

### BETRA UMHVERFI OG UMFERÐARÖRYGGI

Ríflega 1,2 milljarði verður varið í gatnagerð og tengd verkefni á næsta ári. Samhliða fjölgun íbúða í sveitarfélaginu verður umtalsverðum fjármunum varið í gatnagerð í nýjum og eldri hverfum bæjarins. Á næsta ári verður 100 m.kr. varið í gatnagerð í nýju hverfi 201 Smára, 280 m.kr. á Kársnesi og 200 m.kr. á Gláðheimasvæði auk þess sem 170 m.kr. verður varið í



Borgarlínuverkefni. Þá verður varið 235 m.kr. í viðhald og malbiksyfirlagnir á götum bæjarins en sá liður greiðist ekki lengur úr eignasjóði heldur hefur verið færður á rekstur (10-311 og 10-312).

## ÍBÚALÝÐRÆÐI

Haldið verður áfram með íbúalýðræðisverkefnið „Okkar Kópavogur“ þar sem íbúar ákveða sjálfir tiltekin verkefni sem dreifast um allan bæinn. Á árinu 2021 verður 100 m.kr. varið í verkefnið.

## SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er annars vegar færður kostnaður stjórnsýslusviðs bæjarins og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Rekstur deilda stjórnsýslusviðs hefur farið hækkandi undanfarin ár. Á sama tíma hefur rekstur bæjarins aukist verulega, starfsfólki og stofnunum fjölgað, ný verkefni orðið til, nemendum fjölgað á leik- og grunnskólum og íbúum bæjarins fjölgað.

Hluti þeirra útgjalda sem færast á sameiginlegan kostnað er utan reksturs stjórnsýslusviðs og hefur bærinn lítil áhrif á þau útgjöld. Sem dæmi má nefna rekstrarframlag til lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar eða liðir eins og áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins.

## LÝÐHEILSUMÁL


Gert er ráð fyrir fjármagni í áætlun ársins 2021 til að umbreyta Hressingarhælinu í Lýðheilsuhús þar sem fara mun fram fræðsla og færniþjálfun er lítur að því að bæta andlega vellíðan í samræmi við markmið lýðheilsustefnu bæjarins um aukna geðrækt. Kostnaður nemur 20 m.kr.

## MANNAUÐSMÁL

Í júní 2019 voru samþykktar skipulagsbreytingar hjá Kópavogsbæ sem fela m.a. í sér að nýtt fjármálasvið er brotið út úr stjórnsýslusviðinu. Þessar breytingar leiða af sér þrjú ný stöðugildi, sviðsstjóra fjármálasviðs, deildarstjóra á fjármáladeild og sérfræðing í innkaupamálum, en samlegðaráhrif eru einnig af breytingunum þar sem tvö stöðugildi verða lögð niður.

## MENNINGARMÁLIN

Komið verður á samræmdri opnun í menningarhúsum bæjarins og er ætlaður kostnaður vegna breytinganna 9,6 m.kr. sem verður rýmt til fyrir með tilfærslu á fjármagni innan ramma.



*Hér smá sjá þróun útgjalda stjórnsýslusviðs. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna. Árið 2017 fór fram uppgjör við Brú lífeyrissjóð sem skýrir hækkun ársins.*

Árlega hafa 10 m.kr. verið veittar til að hefja undirbúning nýrrar lestrar- og menningarmiðstöðvar (bókasafn) í efri byggðum Kópavogs og ert gert ráð fyrir áframhaldandi fjármagni í áætlun næsta árs.

## FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

---

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

### VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Lang stærsti liðurinn er reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins sem gera 2.324 milljónir kr. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins.

Við útreikninginn er nú miðað við sömu vexti og gert var vegna 2020 og reiknað með að verðbólga verði 2,7%.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2020 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útlæði á þessum lið.

### TEKJUR AF EIGNAHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu og Lánasjóði sveitarfélaga.

### VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Í þjóðhagsspá að sumri sem kom út 26. júní sl. var áætlað að verðbólga ársins 2021 yrði 2,4%. Síðari velbólguspár hafa svo áætlað að verðbólga ársins verði ögn hærrí. Við útreikning vaxta- og verðbóta var reiknað með 2,7% verðbólgu á næsta ári. Nýjasta spáin er þjóðhagsspá að vetri sem Hagstofa Íslands birti þann 1. október 2020, en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2021 verði 2,7%.

Í áætlun er horft framhjá gengismuni eins og áður. Því munu bein áhrif gengisbreytinga hafa óveruleg áhrif á skuldir bæjarins að öðru leyti en því hvernig þær skila sér í hækkaðri vísitölu neysluverðs.

## HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

---

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs er gert ráð fyrir 2,7% hækkun húsaleigu milli árunna 2020 og 2021 auk þess sem leitast er við að færa áætlun 2021 upp með tilliti til útkomu 2020, en nýting íbúða og nýjar íbúðir í útleigu hækka tekjustofninn.